

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/2179****2025/EES/17/09****frá 2. september 2024****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1452 að því er varðar ráðlagt
hámarksinnihald 4-hýdroxý-2,5-dímetylúrán-3(2H)-óns fyrir ketti og hunda (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu eða breytingar á slíku leyfi.
- 2) Efnið 4-hýdroxý-2,5-dímetylúrán-3(2H)-ón var leyft með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1452 ⁽²⁾ sem föðuraukefni fyrir ketti og hunda.
- 3) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) gæfi út álit um hvort leyfið fyrir 4-hýdroxý-2,5-dímetylúrán-3(2H)-óni sem föðuraukefni fyrir ketti og hunda uppfylli enn skilyrðin sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ef skilyrðum leyfisins yrði breytt. Breytingin varðar aukningu á tillögðu hámarksinnihaldi úr 5 í 25 mg/kg heilföðurs fyrir ketti og hunda. Beiðninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 13. mars 2024 ⁽³⁾ að 4-hýdroxý-2,5-dímetylúrán-3(2H)-ón sé öruggt fyrir hunda við tillagt hámarksinnihald sem nemur 25 mg/kg heilföðurs og fyrir ketti við 18 mg/kg heilföðurs. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé ertandi fyrir húð, augu og öndunarveg og sé húðnæmir. Þar eð 4-hýdroxý-2,5-dímetylúrán-3(2H)-ón er notað sem bragðefni í matvæli og hlutverk þess í föðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki sé nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þess.
- 5) Framkvæmdastjórnin telur að leyfið fyrir 4-hýdroxý-2,5-dímetylúrán-3(2H)-óni uppfylli enn skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þegar skilmálum þess er breytt að því er varðar aukningu á tillögðu hámarksinnihaldi í 25 mg/kg heilföðurs fyrir hunda og 18 mg/kg heilföðurs fyrir ketti. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1452 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/2179, 3.9.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2025 frá 7. febrúar 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1452 frá 1. september 2022 um leyfi fyrir 3-etylýsklopentan-1,2-díóni, 4-hýdroxý-2,5-dímetylúrán-3(2H)-óni, 4,5-dihýdró-2-metylúrán-3(2H)-óni, evgenóli, 1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)benseni, α-pentýlsinnamaldehyði, α-hexýlsinnamaldehyði og 2-asetýlpýridíni sem föðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (Stjtið. ESB L 228, 2.9.2022, bls. 17), ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/1452/oj.

(3) *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e8721.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1452

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1452 er breytt sem hér segir:

Í stað 3. liðar í færslunni fyrir aukefnið 2b13010 í dálknum „önnur ákvæði“ í viðaukanum kemur eftirfarandi:

„3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilföðurs með 12% rakainnihald:

— kettir: 18 mg

— hundar: 25 mg“.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. september 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
